

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 28.04.2017
Tilvísun vor: M-2017-178 / 00.11

Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um stefnumörkun og aðgerðaáætlun um kolefnishlutlaust Ísland, 114. mál

Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis hefur óskað eftir umsögn Landsvirkjunar um tillögu til þingsályktunar um, um stefnumörkun og aðgerðaáætlun um kolefnishlutlaust Ísland, 114. mál. Landsvirkjun hefur kynnt sér tillöguna og óskar eftir að koma eftirfarandi upplýsingum á framfæri.

Landsvirkjun styður að unnið sé að orkuskiptum í samgöngum. Eru þau rökrétt framhald aðgerða við að draga úr notkun jarðefnaeldsneytis til orkuvinnslu með því að beisla orkulindir landsins, vatnsorku og jarðvarma. Nú sjá þessar orkulindir landsmönnum fyrir nánast allri staðbundinni orkuþörf og gott betur því þær sjá einnig stóriðjufyrirtækjum og fleiri fyrirtækjum fyrir raforku án þess að orkuvinnslunni fylgi umtalsverð losun gróðurhúsalofttegunda. Nýting þeirra hefur þannig dregið út hnattrænni losun. Þetta kemur skýrt fram í nýlegri skýrslu Hagfræðistofnunar, *Ísland og loftslagsmál* (skýrsla C17:01), þar sem segir: *Þannig er meðalútsreymi á heimsvísu af hverju framleiddu tonni af áli nánast tífalt hærra en á Íslandi, sem stafar að mestu af því að jarðefnaeldsneyti er notað til raforkuframleiðslunnar.*

Þá hefur Landsvirkjun fært kolefnisbókhalda í meira en áratug og unnið að margvíslegum verkefnum bæði til að mæla eða meta losun, aðgerðir sem miða að því að draga úr losun og síðast en ekki síst til að binda koldíoxíð með landgræðslu og skógrækt. Fyrirtækið er að sjálfsgöðu reiðubúið til að deila þeirri þekkingu sem hefur verið aflað og sinni reynslu þannig að hún nýtist bæði við stefnumörkun og við undirbúning aðgerðaráætlana á þessu sviði.

Stefna Landsvirkjunar er að verða kolefnishlutlaus árið 2030 og hefur á síðustu árum verið unnið samkvæmt þeirri stefnu. Í aðdraganda aðildarríkjaþings loftslagsþings Sameinuðu þjóðanna í París í desember 2015 skráði Landsvirkjun áform sín um hvað fyrirtækið ætlar að leggja af mörkum til að vinna gegn loftslagsbreytingum hjá NAZCA¹. Landsvirkjun skuldbatt sig m.a. til að:

- Verða kolefnishlutlaust fyrirtæki eigi síðar en árið 2030. Gert er ráð fyrir að losun gróðurhúsalofttegunda sem verður við starfsemina verði jöfnuð með bindingu í skógrækt, landgræðslu eða endurheimt votlendis.

¹ NAZCA stendur fyrir Non-State Actor Zone for Climate Action. Átakanu var hleypt af stokkunum á aðildarríkjaþingi loftslagssamnings Sameinuðu þjóðanna í lok ársins 2014 til að gefa fyrirtækjum, borgum, svæðum, þjóðfélagsamtökum og fjárfestum tækifæri til að skrá skuldbingar sem þessir aðilar hafa ákveðið að taka á sig til að vinna gegn loftslagsbreytingum. Tilgangur með alþjóðlegri skráningu þessara aðila á markmiðum sínum er m.a. að hraða samstarfi til að bregðast við loftslagsvandamum.



- Sjá til þess að fjórðungur bílaflota fyrirtækisins verði knúinn með rafmagni árið 2020.
- Að taka þátt í orkusparnaðarátaki með opinberum aðilum.

Virðingarfyllst

Ragna Árnadóttir

Ragna Árnadóttir
aðstoðarforstjóri

